

Dagskrá menningarviku 2017

Föstudagur 10. mars

- 08:00–18:00 Bókasafn, sýning á textílverkum og ljósmyndum eftir Sigríði Birnu Matthíasdóttur og Mónu Leu Öttarsdóttur. Sýning á skarti eftir hönnuði tengda Grindavík
- 12:00–21:00 Salthúsið, Helga Kristjánsdóttir bæjarlistamaður Grindavíkur með sýningu í Salthúsinu
- 13:00 Verslunarmiðstöð, opnun sýningar nemenda Heilsuleikskólans Króks, Leikskólans Lautar og Grunnskóla Grindavíkur. Veitingar og gleði í Verslunarmiðstöðinni
- 16:00–19:00 Framsóknarhúsið, MÆÐGUR SÝNA VERK SÍN. Ljósmyndaverkið LEYST ÚR LÆÐINGI eftir Vigdísí Heiðrúnu Viggósdóttur og tvær seríur eftir dóttur hennar Arís Evu Vilhjálmsdóttur, Víkurbraut 27
- 18:00–22:00 Bókasafn Skapandi skrif, námskeið. Skráning fyrir 10. mars á bjorg@grindavik.is
- 20:00 Gjáin, Hið árlega konukvöld körfunnar haldið í Gjánni
- 18:00 Kútmagakvöld Lionsklúbbs Grindavíkur í íþróttahúsinu. Húsið opnar kl. 18:00 með sjávarútvegssýningu. Borðhald byrjar kl. 20:00



Laugardagur 11. mars

- 10:00–18:00 Verslunarmiðstöð, Heilsuleikskólinn Krókur, Leikskólinn Laut og Grunnskóli Grindavíkur sýna verk nemenda sinna
- 11:00–17:00 Safnahelgi á Suðurnesjum. Í tilefni Safnahelgar á Suðurnesjum er ókeypis á öll söfn, þar á meðal Kviku. Allir velkomnir á opnunartíma
- 12:00–21:00 Salthúsið, Helga Kristjánsdóttir bæjarlistamaður Grindavíkur með sýningu í Salthúsinu
- 10:00–14:00 Bókasafn Skapandi skrif, námskeið. Skráning fyrir 10. mars á bjorg@grindavik.is
- 10:00–16:00 Kvennó Handverk og hönnun, námskeið. Skráning fyrir 10. mars á bjorg@grindavik.is
- 14:00–16:00 Greip – opnar vinnustofur handverksfólks í Greip, Skólabraut 8
- 15:00 Víðihlíð, Blítt og létt hópurinn úr Vestmannaeyjum heimsækir Víðihlíð
- 14:00–17:00 Framsóknarhúsið, MÆÐGUR SÝNA VERK SÍN. Ljósmyndaverkið LEYST ÚR LÆÐINGI eftir Vigdísí Heiðrúnu Viggósdóttur og tvær seríur eftir dóttur hennar Arís Evu Vilhjálmsdóttur, Víkurbraut 27
- 17:00 Grindavíkurkirkja, Formleg setning Menningarviku 2017. Menningarverðlaun afhent, söngur og skemmtun og eftir setninguna er gestum boðið í safnaðarheimilið í veitingar
- 21:00 Salthúsið, Blítt og létt hópurinn úr Vestmannaeyjum með tónleika. Aðgangseyrir 2.500 kr. miðar seldir við innganginn og í forsölu
- 00:00 Fish House Bar & Grill 80s partý sem enginn annar en Geir Flóvent stýrir



FORMLEG SETNING MENNINGARVIKU 2017

Formleg setning Menningarviku 2017 fer fram í Grindavíkurkirkju laugardaginn 11. mars kl. 17:00. Menningarverðlaun verða afhent, tónlistaratriði flutt og ræður haldnar. Boðið er uppá kaffiveitingar að setningarathöfn lokinni í safnaðarheimilinu.



GRINDAVÍKURBÆR

Sunnudagur 12. mars

- 10:00–14:00 Bókasafn Skapandi skrif, námskeið. Skráning fyrir 10. mars á bjorg@grindavik.is
- 10:00–18:00 Verslunarmiðstöð, Heilsuleikskólinn Krókur, Leikskólinn Laut og Grunnskóli Grindavíkur sýna verk nemenda sinna
- 11:00–17:00 Safnahelgi á Suðurnesjum. Í tilefni Safnahelgar á Suðurnesjum er ókeypis á öll söfn, þar á meðal Kviku. Allir velkomnir á opnunartíma
- 12:00–21:00 Salthúsið, Helga Kristjánsdóttir bæjarlistamaður Grindavíkur með sýningu í Salthúsinu.
- 15:00 Salthúsið, Listamannaspjall og leiðsögn. Helga Kristjánsdóttir verður með leiðsögn og spjall við gesti um feril sinn og verk.
- 14:00–16:00 Greip – opnar vinnustofur handverksfólks, Skólabraut 8
- 14:00–17:00 Framsóknarhúsið, MÆÐGUR SÝNA VERK SÍN. Ljósmyndaverkið LEYST ÚR LÆÐINGI eftir Vigdísí Heiðrúnu Viggósdóttur og tvær seríur eftir dóttur hennar Arís Evu Vilhjálmsdóttur, Víkurbraut 27



Mánudagur 13. mars

08:00 Morgunsöngur í Hópsskóla. Hvetjum gesti og gangandi til að líta við og syngja með

08:00–18:00 Bókasafn, sýning á textilverkum og ljósmyndum eftir Sigríði Birnu Matthíasdóttur og Mónu Leu Óttarsdóttur. Sýning á skarti eftir hönnuði tengda Grindavík

10:00–18:00 Verslunarmiðstöð, Heilsuleikskólinn Krókur, Leikskólinn Laut og Grunnskóli Grindavíkur sýna verk nemenda sinna

11:50–12:30 Hádegistónleikar nemenda Tónlistaskólans í Grindavík í höfuðstöðvum HS orku

11:00–17:00 Kvikan, Saltfisksýning opin gestum. Allir velkomnir á opnunartíma

12:00–21:00 Salthúsið sýning á verkum Helgu Kristjánsdóttur, bæjarlistamanns Grindavíkur

Skíðaferð þrumunnar, nánar auglýst síðar á www.grindavik.is

14:00 Sprengjukata í Gjánni, fyrir nemendur grunnskólans



14:00 Hópsskóli, Brúðuleikhús ÍSLENSKI FÍLLINN fyrir leikskólabörnin á Leikskólanum Laut, ókeypis aðgangur og foreldrar velkomnir

15:00–22:00 Útvarp þrumunnar tíðni auglýst síðar en útvarpið verður einnig aðgengilegt í tölvum og sínum í gegnum app

16:00–19:00 Framsóknarhúsið, MÆÐGUR SÝNA VERK SÍN. Ljósmyndaverkið LEYST ÚR LÆÐINGI eftir Vigdís Heiðrúnu Viggósdóttur og tvær seríur eftir dóttur hennar Arís Evu Vilhjámsdóttur, Víkurbraut 27

20:00 Kvennó, HEIMA OG HEIMAN, doktor Birna Bjarnadóttir flytur fyrirlestur um fyrirhugaða útgáfu um skáldskap og þýðingar Guðbergs Bergssonar. Heitt á könnunni

19:30 Gjáin, Félagsfundur hjá Kvenfélagi Grindavíkur. Kvenfélagskonur horfa til einkunnaróðs menningarvinnunar 2017 SAGA og þrjár kynslóðir kvenna deila með gestum ástæðu þess að þær séu þátttakendur í Kvenfélaginu og segja sögu sína og reynslu af því að vera félagi í kvenfélagi.

Þriðjudagur 14. Mars

08:00–18:00 Bókasafn, sýning á textilverkum og ljósmyndum eftir Sigríði Birnu Matthíasdóttur og Mónu Leu Óttarsdóttur. Sýning á skarti eftir hönnuði tengda Grindavík

10:00–18:00 Verslunarmiðstöð, Heilsuleikskólinn Krókur, Leikskólinn Laut og Grunnskóli Grindavíkur sýna verk nemenda sinna

11:00–17:00 Kvikan, Saltfisksýning opin gestum. Allir velkomnir á opnunartíma

12:00–21:00 Salthúsið sýning á verkum Helgu Kristjánsdóttur, bæjarlistamanns Grindavíkur

15:00–22:00 Útvarp þrumunnar tíðni auglýst síðar en útvarpið verður einnig aðgengilegt í tölvum og sínum í gegnum app

16:00–19:00 Framsóknarhúsið, MÆÐGUR SÝNA VERK SÍN. Ljósmyndaverkið LEYST ÚR LÆÐINGI eftir Vigdís Heiðrúnu Viggósdóttur og tvær seríur eftir dóttur hennar Arís Evu Vilhjámsdóttur, Víkurbraut 27

18:00–20:00 Þruman, sýning á ljósmyndaverkum nemenda í 7. – 10. bekk unnin út frá þemanu SAGA. Ljósmyndarar segja frá myndum sínum. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir



20:00 Gjáin, SAGAN MÍN Grindvíkingar, innfæddir og aðfluttir, segja frá og deila sögu sinni yfir kaffibolla og kaffibrauði frá heimahögum sínum

21:00 Grindavíkurkirkja, Vox Felix stjórnandi Sr. Sigurður Grétar Sigurðsson, aðgangur er ókeypis og allir velkomnir



Ljósmyndari EDDI

ÍSLENSKI FÍLLINN

Brúðuleiksýningin um íslenska filinn hefur notið mikilla vinsælda í Þjóðleikhúsinu og í Menningarvirkunni kemur sýningin til okkar í Grindavík. Leikskólabörnum og yngstu börnum í Grunnskólanum er boðið á sýninguna. Leikskólinn Laut heimsækir Hópsskóla mánudaginn 13. mars klukkan 14:00 og hitta þar íslenska filinn. Leikskólabörn á Króki hitta íslenska filinn í Hópsskóla fimmtudaginn 16. mars klukkan 14:00 og nemendur Grunnskólans klukkan 16:00. Foreldrum er velkomnið að fylgja börnum sínum á sýninguna. Aðgangur er ókeypis.

Sagan um íslenska filinn er skemmtileg og fyndin, en fjallar jafnframt um mikilvæga hluti, eins og þrautseigju og hugrekki til að takast á við hið óþekkt. En það getur reynst þrautin þyngri að aðlagast nýjum aðstæðum án hjálpar annarra.

Miklir þurrkar geisa í Afríku – lítill munaðarlaus fílsungi vill ekki farast. Hann hittir kríu sem hvíslar í eyra hans ævintýralegru sögu af eyju í norðri, þar sem finna má óþrjótandi vatn í öllum mögulegum myndum. Fílsunginn ákveður að leggja upp í langt og erfitt ferðalag til að finna þennan ótrúlega stað. Upplýsingar um Brúðheima má finna á Facebook-síðu Brúðheima – Brúðuloftið.



Miðvikudagur 15. mars

8:00	Núvitund í Hópsskóla. Hvetjum gesti og gangandi til að líta við og taka þátt.
08:00–18:00	Bókasafn, sýning á textilverkum og ljósmyndum eftir Sigríði Birnu Matthíasdóttur og Mónu Leu Óttarsdóttur. Sýning á skarti eftir hönnuði tengda Grindavík
10:00–18:00	Verslunarmiðstöð, Heilsuleikskólinn Krókur, Leikskólinn Laut og Grunnskóli Grindavíkur sýna verk nemenda sinna
11:00–17:00	Kvikan, Saltfisksýning opin gestum. Allir velkomnir á opnunartíma
12:00–21:00	Salthúsið sýning á verkum Helgu Kristjánsdóttur, bæjarlistamanns Grindavíkur
15:00–22:00	Útvarp Þrumunnar tíðni auglýst síðar en útvarpið verður einnig aðgengilegt í tölvum og sínum í gegnum app
16:00–19:00	Framsóknarhúsið, MÆÐGUR SÝNA VERK SÍN. Ljósmyndaverkið LEYST ÚR LÆÐINGI eftir Vigdís Heiðrúnu Viggósdóttur og tvær seríur eftir dóttur hennar Arís Evu Vilhjálmsdóttur, Víkurbraut 27
20:00	Stjörnuskoðun með Sævari, Bókasafn Grindavíkur, aðgangur ókeypis
20:00–21:15	Kvikan, GONG kvöldstund, jóga, slökun og möntrusöngur. Þátttakendur mæta með jógadýnur, teppi og koddar. Ókeypis aðgangur
20:30	Kvennó, Uppistand með Birni Braga og Ara Eldjárn á vegum Þrumunnar, fyrir nemendur í 7.-10. bekk verð 500 kr.
21:30	Kvennó, Uppistand með Birni Braga og Ara Eldjárn á vegum Þrumunnar, aldurstakmark 16 ára verð 500 kr.

Fimmtudagur 16. mars

08:00	Morgunsöngur í Hópsskóla. Hvetjum gesti og gangandi til að líta við og syngja með
08:00–18:00	Bókasafn, sýning á textilverkum og ljósmyndum eftir Sigríði Birnu Matthíasdóttur og Mónu Leu Óttarsdóttur. Sýning á skarti eftir hönnuði tengda Grindavík
10:00–18:00	Verslunarmiðstöð, Heilsuleikskólinn Krókur, Leikskólinn Laut og Grunnskóli Grindavíkur sýna verk nemenda sinna
11:00–17:00	Kvikan, Saltfisksýning opin gestum. Allir velkomnir á opnunartíma
12:00–21:00	Salthúsið sýning á verkum Helgu Kristjánsdóttur, bæjarlistamanns Grindavíkur
14:00	Hópsskóli, Brúðuleikhús ÍSLENSKI FÍLLINN fyrir leikskólabörnin á Leikskólanum Króki, ókeypis aðgangur og foreldrar velkomnir
14:00–16:00	Greip – opnar vinnustofur Skólabraut 8
15:00–22:00	Útvarp Þrumunnar tíðni auglýst síðar en útvarpið verður einnig aðgengilegt í tölvum og sínum í gegnum app
16:00	Hópsskóli, Brúðuleikhús ÍSLENSKI FÍLLINN fyrir yngstu nemendur í Hópsskóla, ókeypis aðgangur og foreldrar velkomnir
16:00–19:00	Framsóknarhúsið, MÆÐGUR SÝNA VERK SÍN. Ljósmyndaverkið LEYST ÚR LÆÐINGI eftir Vigdís Heiðrúnu Viggósdóttur og tvær seríur eftir dóttur hennar Arís Evu Vilhjálmsdóttur, Víkurbraut 27
17:00	Létt og leikandi kaffihúsatónleikar í Tónlistarskólanum í Grindavík
17:00–19:00	Kvennó, ÁTTU FORNGRIP? – Þór Magnússon, fyrrv. Þjóðminjavörður og Ólafur Ingi Jónsson, forvörður
17:00–22:00	Verslunarmiðstöð – opið fram eftir, skemmtilegar uppákomur, tilboð í búðum og gleði á göngum Verslunarmiðstöðvar
20:00	Grindavíkurkirkja, Dagskrá helguð Sigvalda S. Kaldalóns, Gunnlaugur A. Jónsson og Gissur Páll Gissurason,
20:00	Kvennó, Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur með fyrirlestur
21:30	Fish House Bar & Grill, Valdimar Guðmundsson söngvari og Örn Eldjárn gítarleikari á lágstemmdum nótum. Aðgangseyrir 2.500 kr. miðar seldir við inngang og í forsölu



LISTASMIÐJA BARNNA Í MENNINGARVIKU 2017

Laugardaginn 18. mars kl. 13:00-15:00 verður listasmiðja í Hópsskóla. Smiðjan er opin öllum sem hafa áhuga á að skapa og leika sér. Við ætlum að skoða söguna um Járngerði og Þórkötlu og leika okkur með hugmyndina um hús og söguna á bakvið húsinn og bæinn okkar.



Notast verður við ýmsan efnivið t.d pappakassa, efnisbúta, garn, plast og fleira. Einnig leikum við okkur að ljósi og skuggum, syngjum og skemmtum okkur saman. Allir eru velkomnir, við gerum ráð fyrir að börn yngri en fimm ára komi í fylgd með fullorðnum. Síðustu þrjú árin hefur myndast skemmtileg stemning í listasmiðjunni þar sem börn og fullorðnir hafa skapað saman skemmtileg ævintýri.



Skráning í listasmiðjuna er til miðvikudagsins 15. mars á netfangið Kristin.visirhf@simnet.is

JÓGA Í KVIKUNNI

Miðvikudaginn 15. mars verður Grindavíkungum boðið að koma og prófa jóga, slökun og möntrusöng undir handleiðslu Hjördísar Rósu Halldórsdóttur Kundalini jóga-kennara. Gong-kvöldstund heitir viðburðurinn sem hefst klukkan



20:00 og stendur til 21:15. Þátttakendur koma með jógadýnur, teppi og koddar og aðgangur er ókeypis. Hjördís Rósa og Ágústa standa fyrir Jógaflæði í Kvíkunni, laugardaginn 18. mars klukkan 10:00-12:00 þar sem hugleiðsa, Shake your Soul dansjóga og Gong slökun bíður gesta. Verð 3.500 kr



SUNDLAUGIN Í MENNINGARVIKUNNI

Ókeypis verður í Sundlauginna föstudaginn 17. mars, laugardaginn 18. mars og sunnudaginn 19. mars. Laugardag og sunnudag er opið frá 09:00-16:00 og föstudag klukkan 06:00-21:00. Á föstudagskvöld verður boðið uppá blósýningu í Sundlauginni þar sem horft verður á klassíska íslenska gamanmynd, Stelli í Orlofi. Á laugardeginum 18. mars verður hún Jeanette Sicut með Aqua-zumba eða Zumba® sundlaugarparty en það gefur hressilegri líkamsþjálfun nýja merkingu. Gusugangur, teygjur, snúningar, hróp, flaut, hlátur og köll fylgja oft þessum tímum og lofað er mikilli og góðri skemmtun í Sundlauginni.

Föstudagur 17. mars

06:00–21:00 Sundlaug – ókeypis í sund

08:00 Morgunsöngur í Hópsskóla. Hvetjum gesti og gangandi til að líta við og syngja með

08:00–18:00 Bókasafn, sýning á textílverkum og ljósmyndum eftir Sigríði Birnu Matthíasdóttur og Mónu Leu Óttarsdóttur. Sýning á skarti eftir hönnuði tengda Grindavík

10:00–18:00 Verslunarmiðstöð, Heilsuleikskólinn Krókur, Leikskólinn Laut og Grunnskóli Grindavíkur sýna verk nemenda sinna

11:00–17:00 Kvikan, Saltfisksýning opin gestum. Allir velkomnir á opnunartíma

11:30 Víðihlíð Fiskihlaðborð í boði fyrir eldri borgara, skemmtiatriði í boði

12:00–21:00 Salthúsið sýning á verkum Helgu Kristjánsdóttur, bæjarlistamanns Grindavíkur

13:00 Víðihlíð, erindi Gunnlaugs A. Jónssonar Af Grindavíkurárum Sigvalda S. Kaldalóns (1881-1946) lækis og tónskálds og menningarlegum áhrifum hans



14:00–16:00 Greip – opnar vinnustofur Skólabraut 8

15:00–22:00 Útvarp Þrumunnar tíðni auglýst síðar en útvarpið verður einnig aðgengilegt í tölvum og sínum í gegnum app

16:00–19:00 Framsóknarhúsið, MÆÐGUR SÝNA VERK SÍN. Ljósmyndaverkið LEYST ÚR LÆÐINGI eftir Vigdís Heiðrúnu Viggósdóttur og tvær seríur eftir dóttur hennar Arís Evu Vilhjálmsdóttur, Víkurbraut 27

17:00–17:40 Nettó, Nemendur Tónlistarskólans í Grindavík spila fyrir gesti og gangandi í Nettó

17:00–17:50 Kvennó, Zumba®-Gold í Kvennó með Jeanetta. Aðgangur ókeypis

19:00 Sundlaugin, Sundlaugabíó í boði Þrumunnar

21:00 Bryggjan, KRÓNÍKA - Sagnakvöld með Guðna Ágústssyni og Jóhannesi Kristjánssyni

Laugardagur 18. mars

09:00–16:00 Sundlaug – ókeypis í sund

10:00–12:00 Kvikan, Jógaflaði með Rósu og Ágústu. Hugleiðsla, Shake your Soul – dansjoga, Gong slökun. Verð 3.500 kr. Skráning á rosy@internet.is

10:00–18:00 Verslunarmiðstöð, Heilsuleikskólinn Krókur, Leikskólinn Laut og Grunnskóli Grindavíkur sýna verk nemenda sinna

11:00–17:00 Kvikan, Saltfisksýning opin gestum. Allir velkomnir á opnunartíma

12:00–21:00 Salthúsið sýning á verkum Helgu Kristjánsdóttur, bæjarlistamanns Grindavíkur

13:00–15:00 Hópsskóli, Listasmiðja barna í Menningarviku 2017

13:00–18:00 Gjáin, Handverkhátíð í Grindavík. Þátttakendur skrá sig á bjorg@grindavik.is fyrir 16. mars. Aðgangur ókeypis

14:00–14:50 Íþróttahús, Sundlaug, Aqua-sumba frábær hreyfing fyrir alla aldurshópa, ókeypis aðgangur

14:00–16:00 Greip – opnar vinnustofur Skólabraut 8

14:00–17:00 Framsóknarhúsið, MÆÐGUR SÝNA VERK SÍN. Ljósmyndaverkið LEYST ÚR LÆÐINGI eftir Vigdís Heiðrúnu Viggósdóttur og tvær seríur eftir dóttur hennar Arís Evu Vilhjálmsdóttur, Víkurbraut 27

22:00 Grindavíkurtrúbbur á Fish house – Bar & Grill

Sunnudagur 19. mars

09:00–16:00 Sundlaug – ókeypis í sund

10:00–18:00 Verslunarmiðstöð, Heilsuleikskólinn Krókur, Leikskólinn Laut og Grunnskóli Grindavíkur sýna verk nemenda sinna

11:00–17:00 Kvikan, Saltfisksýning opin gestum. Allir velkomnir á opnunartíma

12:00–21:00 Salthúsið sýning á verkum Helgu Kristjánsdóttur, bæjarlistamanns Grindavíkur

14:00–15:00 Íþróttahús, Zumba fitnes fyrir alla fjölskylduna, ókeypis aðgangur

14:00–16:00 Greip, opnar vinnustofur handverksfólks, Skólabraut 8

14:00–17:00 Framsóknarhúsið, MÆÐGUR SÝNA VERK SÍN. Ljósmyndaverkið LEYST ÚR LÆÐINGI eftir Vigdís Heiðrúnu Viggósdóttur og tvær seríur eftir dóttur hennar Arís Evu Vilhjálmsdóttur, Víkurbraut 27

16:00 Kvennó, Kólumbus í norðurhöfum kemur til Grindavíkur. Leiksýning, ókeypis aðgangur

ÚTVARPSSTÖÐ ÞRUMUNNAR Í MENNINGARVIKU

Þruman rekur útvarpsstöð dagana 13. – 17. mars þar sem nemendum í 8.-10. bekk stendur til boða að vera með þátt. Þættirnir hefjast strax eftir skólatíma og verða fram eftir kvöldi. Í útvarpinu verða spiluð



ný lög í bland við þau gömlu, tekin viðtöl við vel valda einstaklinga, spurningarkeppnir, giskaðu á röddina/hljóðið og fyrirtækjum í Grindavík býðst að auglýsa þjónustu sína.



SÝNING GRUNN- OG LEIKSKÓLA Í VERSLUNARMÍÐSTÖÐ

Föstudagur 10. mars opnar stór og fjölbreytt sýning nemenda leikskólanna Króks og Lautar og nemenda í 4. bekk Grunnskóla Grindavíkur í Verslunarmiðstöðinni klukkan 13:00. Listamennirnir ungu verða viðstaddir og taka vel á móti gestum, sýna verk sín og bjóða uppá veitingar. Á sýningunni gefur að líta verk sem nemendur hafa unnið útfrá þema Menningarvikunnar, SAGA og er unnið með sögu sem sagnfræði, sögu framtíðar, nútíðar og fortíðar, listina að segja sögu og annað það sem snertir orðið SAGA. Sýningin er á 1. og 2. hæð Verslunarmiðstöðvarinnar. Boðið er uppá veitingar á opnuninni

Heilsuleiksskólinn Krókur setur upp sýninguna Sögugersemar á 2. hæð í Verslunarmiðstöðinni. Á sýningunni má sjá vinnu nemenda með sögu Grindavíkur í þátíð, nútíð og framtíð. Unnið var með gamlar þjóðsögur úr bókinni Afi Öddu og sögugersemarnar eftir Kristínu Guðmundsdóttur Hammer, leikritið Horn á höfði eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund Brynjólfsson og hugrenningar barnanna um hvernig framtíðin muni birtast okkur.

Nemendur í 4. bekk hafa unnið með sjálfsmýndina og draumastaðinn í textíl og myndmennt. Verkefnið er samvinnuverkefni þar sem nemendur yfirdekkja rammann í textíl með sínum hugmyndum um mynstur, skreytingar og litasamsetningar og í myndmennt er rýnt í sjálfsmýndina og bakgrunninn listamannanna.

Leiksskólinn Laut setur upp sýningu Grindavík með okkar augum þar sem elstu börn leikskólans sýna ljósmyndir sem þau hafa tekið á göngu sinni um Grindavík. Stjörnuhópur hefur farið í gönguferðir og skoðaða Grindavík með sínum augum, hvert barn tekur eina mynd að eigin vali og nefnir sína mynd.



NÁMSKEIÐ Á VEGUM GREIPAR

Námskeið á vegum GREIPAR verður haldið 21.-23. apríl í húsnæði GREIPAR, Skólbraut 8. Þorgrímur Einarsson, myndlistamaður mun halda námskeiðið sem stendur frá föstudegi til sunnudags. Þorgrímur hefur áður haldið námskeiði í Grindavík í samstarfi við GREIP. Þorgrímur er fæddur í Reykjavík árið 1980 og hefur lagt stund á listmálun um langt skeið en á að baki tónlistarnám auk náms í myndlist. Landslag ratar oft á striga hans, hann vill helst mála á staðnum og ná þannig þeim hughrifum og stemningu sem hann leitast við að koma til skila á strigann.



KÚTMAGAKVÖLD

Kútmagakvöld Lionsklúbbs Grindavíkur 2017 verður haldið í íþróttahúsi Grindavíkur föstudaginn 10. mars. Húsið opnar klukkan 18:00 með sjávarútvegssýningu þar sem fyrirtæki í sjávarútvegi kynna starfsemi sína. Borðhald hefst klukkan 20:00 og á boðstólnum er allt það besta sem til er í sjávarfangi og koma veisluborð til með að svigna undan sjávarréttakræsingum. Fjölbreytt skemmtiatriði og tónlistaratriði bíða veislugesta og má þar nefna Bjartmar Guðlaugsson, Ara Eldjárn og hljómsveitina Hrafnar. Aðgöngumiðar eru seldir hjá Sjóvá, Víkurbraut 46 og er réttast að tryggja sér miða í tíma þar sem viðburðurinn er einkar vinsæll og oftast en ekki uppselt.



HANDVERK OG HÖNNUN

Námskeið fyrir handverks- og listiðnaðarfólk og aðra þá sem luma á góðum hugmyndum.

Laugardaginn 11. mars verður Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri HANDVERKS OG HÖNNUNAR, með námskeið þar sem grindvísku handverks- og listiðnaðarfólki er boðið að koma og sækja sér fræðslu um markaðssetningu auk þess sem boðið er uppá ráðgjöf frá Sunnevu. HANDVERK OG HÖNNUN er sjálfseignarstofnun, meginmarkmið starfseminnar er að stuðla að eflingu handverks, listiðnaðar og hönnunar, og auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi.

Þeir sem vinna við handverk, listiðnað og fjölbreytta hönnun, eða eru að framleiða ýmsar sértækar íslenskar vörur/hluti eru hvattir til að koma og hlýða á ráð Sunnevu og ræða þær áskoranir sem bíða þeirra sem búa yfir góðri hugmynd, eru að koma henni í framkvæmd eða þurfta að finna góðar leiðir til að koma framleiðslu sinni til kaupenda.

Námskeiðið er 11. mars og hefst klukkan 10 og verður í Kvennó



BLÍTT OG LÉTT Á SALTHÚSINU

Í Menningarvikunni fáum við góða heimsókn frá Vestmannaeyjum þegar sönghópurinn Blítt og létt mætir og verður með Eyjakvöld á Salthúsinu laugardaginn 11. mars. Tónleikarnir hefjast klukkan 21:00 og aðgangseyrir er 2.500 krónur. Sönghópurinn Blítt og Létt er Grindvíkingum að góðu kunnur enda hefur hópurinn heimsótt Menningarvikuna undanfarin ár og haldið uppi miklu fjöri í Salthúsinu, en fullt var útúr dyrum á síðustu tónleikum.

Á tónleikunum verða leikin Eyjalög og textum varpað á skjá fyrir gesti til að syngja með. Eyjalögin eru dýrmætur menningararfur sem halda verður á lofti til framtíðar. Sönghópurinn Blítt og létt var Bæjarlistamaður Vestmannaeyja 2015. Hópurinn skipa valinkunnir Vestmannaeyingar eins Finnur á nikkunni, Óli í Laufási, Simmi og Unnur í Viking, Diddi í Logum, Biggi Nielsen, Davíð í Tölvun, Grímur kokkur, Páll Viðar, Tóti í Dans á Rósum og Helgi Tórshamar.

Allir geta sungið með því textinn er á skjánum og því getur hver og einn sungið með sínu nefi. Inn á milli eru sagðar skemmtilegar Eyjasögur sem tengjast lögunum á einn eða annan hátt. Sönghópurinn hefur slegið í gegn undanfarin ár og spilað í Hörpunni, í ráðherraveislu og fleiri opinberum stöðum. Eyjalögin, perlor þeirra Oddgeirs Kristjánssonar og Ása í bæ sem dæmi, eru dýrmætur menningararfur sem Eyjamenn eru duglegir að halda á lofti. Blítt og létt hefur lagt sín lóð á vogarskálarnar til að svo megi verða. Grindvíkingar og Vestmannaeyingar hafa ávallt tengst sterkum böndum enda myndarleg sjávarútvegsplass, öflugir íþróttabærir og menningin blómstrar á báðum stöðum.

Miðaverð er 2.500 og er selt við innganginn og í forsölu.



HEIMA OG HEIMAN

Mánudaginn 13. mars heimsækir okkur góður gestur í Kvennó. Doktor Birna Bjarnadóttir þekkir manna best til skáldskapar Guðbergs Bergssonar og ætlar að flytja fyrirlestur um fyrirhugaða útgáfu á erindum um skáldskap og þýðingar Guðbergs. Erindið kallar hún HEIMA OG HEIMAN. Heitt verður á könnunni og allir velkomnir í Kvennó, mánudaginn 13. mars klukkan 20:00



SKAPANDI SKRIF

Helgarnámskeið

Helgina 10. – 13. mars verður Björg Árnadóttir, rithöfundur og fullorðinsfræðari með námskeið ætlað þeim sem vilja auka ritfærni sína og skrifa skáldskap. Námskeiðið er fyrir fólk á öllum aldri sem vill skrifa sögur, þarf aðstoð við að byrja að skrifa, vantar innblástur en er vant að skrifa og fólk sem finnst skemmtilegt að skapa í skemmtilegum hópi. Þeir sem sótt hafa námskeið Bjargar láta einkar vel af og eru ánægðir með þær framfarir sem þeir hafa sýnt þessa daga sem námskeiðið varir. Margvíslegar kveikjur eru notaðar til að koma hugmyndafluginu af stað en sérstaklega er unnið með persónusköpun, uppbyggingu og framvindu skáldverks.

Námskeiðið er haldið í Bókasafninu og þátttökugjald er 15.000 kr. Þeir sem vilja vera með á þessu skemmtilega og gefandi námskeiði þurfa að skrá sig fyrir 10. mars á netfangið andrea@grindavik.is eða bjorg@grindavik.is.



SPRENGJU-KATA Í GJÁNNI

Mánudaginn 13. mars heimsækir SPRENGJU-KATA nemendur í elstu bekkjum Grunnskólans. Sprengju-Kata er efnafræðingur og elskar efnabrellur meira en allt. Hún mætir með tilraunaglösin sín og sýnir krökkunum stórskemmtileg efnahvörf og skoðar með þeim alls konar spennandi efni. Efnafræði á þátt í daglegu lífi okkar og Sprengju-Kata er snillingur að útskýra efnafræði á mannamáli sem allir skilja. Sprengju-Kata hefur haldið ótal vísindasýningar í Háskólalestinni og með Sprengjugengi Háskóla Íslands en hún er líka fastagestur í þáttunum um Ævar vísindamann á RÚV





SÝNING Á VERKUM HELGU KRISTJÁNSDÓTTUR

Myndalistarkonan Helga Kristjánsdóttir er bæjarlistamaður Grindavíkur og var útnefnd árið 2016. Helga er fædd árið 1961 og uppalinn hér í Grindavík. Margir Grindavíkingar hafa eflaust farið í klippingu til Helgu en hún starfaði sem hárgreiðslukona í ein 17 ár og er raunar með kennsluréttindi í faginu. Þar áður starfaði hún í nokkur ár sem sjúkraliði.

Hún hóf nám í myndlist árið 1995 í Myndlistarskóla Kópavogs en árið 2002 má segja að ferill hennar sem listmálara hafi loks hafist fyrir alvöru þegar hún flutti til Barcelona og lærði þar málalistina í Escola Massana centre d'Art Disseny. Frá því hún útskrifaðist frá Barcelona hefur Helga helgað sig málalistinni en hún hefur komið sér vel fyrir á vinnustofu sinni við Vörðusund 1. Þar er frábær aðstaða, hvort sem það er fyrir sýningar, námskeið og auðvitað vinnu.



Þeir sem hafa fylgst með ferli Helgu hafa veitt því eftirtekt hvernig still hennar hefur þróast og breyst en Helga segir sjálf að hún sé alltaf að læra nýjar aðferðir og er óhrædd við að prufa sig áfram. Hún sækir innblástur í myndirnar sínar mest í náttúruna í kringum Grindavík, sem og náttúruöflin. Landslagið og ekki síst veðrið í Grindavík er endalaus uppspretta nýrra viðfangsefna. Helga hefur sýnt verk sín víða en á menningarvikunni 2017 gefst okkur kostur á að virða fyrir okkur verk hennar í Salthúsinu og njóta þeirra hughrifa sem þau færa áhorfandanum.

Gestir geta heimsótt sýninguna alla daga á milli klukkan 12-21. Sunnudaginn 12. mars verður boðið uppá leiðsögn og listamannaspjall þar sem Helga segir frá og ræðir aðferðir sínar, áhrifavalda og leiðina sem hún hefur farið í listsköpun sinni. Áhugasamir eru hvattir til að koma og taka þátt í samtalinu, nánari upplýsingar um listamanninn Helgu Kristjánsdóttur má finna á Facebook-síðu hennar Art Helga og www.helgakristjans.com

VALDIMAR MEÐ TÓNLEIKA Á FISH-HOUSE Bar & Grill

Einn ástsælasti söngvari landsins, Valdimar Guðmundsson verður með tónleika á Fish House Bar & Grill, fimmtudaginn 16. mars klukkan 21:30. Með honum er Örn Eldjárn tónlistarmaður og tónskáld sem spilar á gítar á tónleikunum en hann á ættir að rekja norður til Svarfárdals. Valdimar er Suðurnesjamönnum að góðu kunnur en á tónleikunum syngur ljúflingurinn Valdimar öll sín fallegu og vinsælu lög fyrir gesti FISH-HOUSE. Aðgangseyrir er 2.500 kr og eru seldir við innganginn og í forsölu.



MÆÐGUR SÝNA VERK SÍN Í FRAMSÓKNARHÚSINU

Mæðgurnar Vigdís Heiðrún Viggósdóttir og dóttir hennar, Arís Eva Vilhelmsdóttir standa að sýningu á verkum sínum í Framsóknarhúsinu, Víkurbraut 27 í Menningarvikunni 2017. Vigdís sýnir ljósmyndir og kallar ljósmyndaseríu sína LEYST ÚR LÆÐINGI en serían er tileinkuð vorkomunni, þeirri orku sem losnar úr læðingi bæði í eiginlegri sem óeiginlegri merkingu. Hömluleysi, frelsi, gleði og takmarkalaust ímyndunarafl einkenna verkin. Vigdís gefur áhorfendum tæki til að sjá lífið í nýju ljósi, að allt sé mögulegt, upp verður niður og inn verður út. Arís Eva sýnir teikningar sem gerðar eru á vatnslitapappír en það gefur finum blýantsteikningunum grófa áferð. Ofan á þetta fyrsta lag leggur Arís Eva svo krít, vatnsliti, málningu og önnur efni eins og salt og alkohol. Á sýningunni eru verk sem tilheyra annars vegar seríunni KROSS-GÖTUR og hins vegar seríu sem tileinkuð er börnum í neyð.

Arís Eva hefur lokið námi á fornámsbraut Myndlistaskóla Reykjavíkur, lært hönnun við SAE skólann í Hollandi og lokið fyrstu önn í leikstjórn og handritsgerð við Kvikmyndaskóla Íslands.

Vigdís tengir ljóð oft við verk sín eins og sjá má í tengingu ljóðsins FJALLKONAN við mynd af þúfnakolli sem stingur sér uppúr snjónum. Þar birtist kollurinn, í vorinu eins og vera í fæðingu, afkvæmi móður jarðar að birtast eftir þungan vetur.

*Fjallkonan stynur,
leggur hönd á þaninn kvið.
Kvalin hún rymur,
að sængurkvemma sið.*

*Belgurinn brestur,
barn í burðarlið.*

Verk Vigdísar fjalla um mannlega tilvist og tengingu manns við móður náttúru. Sálarlíf einstaklingsins er henni hugleikið og hún reynir að fanga á myndrænan hátt margbreytilegt tilfinningaróf mannsins. Hún lauk námi frá Ljósmyndaskólanum árið 2014 og hefur sýnt verk sín víða. Þeir sem eiga leið um Reykjavík og Grófina geta heimsótt Ljósmyndasafn Reykjavíkur en þar eru verk hennar til sýnis fram til 21. mars, í rými sem kallað er Skotið.

Þær mæðgur taka á móti gestum í menningarvikunni, í Framsóknarhúsinu að Víkurbraut 27, virka daga kl. 16:00-19:00 og um helgar kl. 14:00-17:00. Nánari upplýsingar um listakonurnar má nálgast á www.viddy.is og á Facebook-síðunni Studio Aris